

### **Fundargerð 3. fundar í flugvirkarráði**

Fundur var haldinn í flugvirkarráði fimmtudaginn 27. maí kl 14.00 – 16.00 í fundarsalnum Sölvhólsvör í Innanríkisráðuneytinu Sölvhólsgötu 7 Reykjavík.

Viðstaddir: Pétur K. Maack (PKM), Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA), Haraldur Briem (HB), Arndís D. Arnardóttir staðgengill Hildar Reykdal (HR), Sigríður Björk Guðjónsdóttir og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari.

Fjarverandi: Hildur Reykdal (HR)

#### **Dagskrá**

1. Dagskrá fundarins
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Drög að flugvirkaráætlun Íslands
4. Önnur mál

#### **1. Dagskrá fundarins**

Dagskrá fundarins var samþykkt. Arndís D. Arnardóttir situr fundinn sem staðgengill Hildar Reykdal. PKM fól FS að stjórna fundinum.

#### **2. fundargerð síðasta fundar**

Fundarstjóri bar upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

#### **3. Flugvirkaráætlun Íslands**

Athugasemdir á flugvirkaráætlun höfðu borist frá öllum nema Útlendingastofnun.

Allar athugasemdir fengu umfjöllun og voru sumar samþykktar og aðrar ekki. Að lokinni umfjöllun um athugasemdir var Flugvirkaráætlun Íslands fyrir árið 2014 samþykkt.

#### 4. Staða verkefna í flugvirkjaráætluninni

Verkefni	Ábyrgðaraðili	Athugasemdir
Flugvirkjaráætlun Íslands Árið 2015	Samgöngustofa	Fundur 30. september
Skilgreining á hlutverkum er tengjast farþegalistum	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Óklárt : SBG/JPJ CAA No hefur talað við Norwegian
Skilgreining á hlutverkum er tengjast lífsýnaskilríkjum	Þjóðskrá Íslands	Ekkert nýtt, Þjóðskrá og SGS þurfa að hittast og koma í farveg.
Innleiðing eða afstaða gagnvart breytingatillögum við viðauka 9. Amendment 23. Óheimilt að framlenging vegabréfa með rafrænum upplýsingum.	Þjóðskrá Íslands Innanríkisráðuneytið	HSS fylgir þessu eftir, Þjóðskrá og SGS þurfa að hittast og koma í farveg.
Innleiðing eða afstaða gagnvart breytingatillögum við viðauka 9. Amendment 24. Kröfur vegna skýrsluskila til tollayfirvalda. Verklag	Tollayfirvöld	HSS fylgir eftir og sendir gögn á KG.
<b>Þarfagreining</b>		
1. Þarfagreining vegna aukinna umsvifa á KEF Markmið fyrir framleiðni FLE	Isavia	Komið af stað
2. Þarfagreining vegna aukinna umsvifa á KEF Vegabréfseftirlit	Lögreglan	Landamæraverðir hófu störf 26. maí skoðun á „smart borders“ rafrænu eftirliti stendur yfir.
3. Þarfagreining vegna aukinna umsvifa á KEF Tollafgreiðsla	Tollgæslan	
4. Þarfagreining vegna nýrra krafna Sóttvarnir	Landlæknisembættið	Stýrihópur, hægt í flugi erfitt í flugstöð
Flugvirkt í neyðartilfellum	Isavia	BÓH hvað verður gert þegar gamla flugstöðin rifin, stækka 810 byggingin samræmd staðsetning f. farþega sem fara í gegn. Vinnan er hafin. Hvað er hægt að gera þegar FLE dettur út úr kerfinu. Verði hægt að koma á annari staðsetningu innan 12 tíma
Verklag um samráð við hagsmunaaðila	Formaður Flugvirkjarráðs	Ekkert gert.

#### 5. Önnur mál

HSS fór yfir atriði af fund hjá ECAC Facilitation Working Group sem haldinn var í Prag 29. Apríl sl. Þar var m.a. annars rætt:

- Sérstakt verkefni á vegum ECAC varðandi PRM aðstoð á flugvöllum en fara á í úttektir og kanna hvernig staðið er að þjónustu við fatlaða og hreyfihamlaða á flugvöllum.

- Stöðu við gerð flugvirkjaráætlana í ECAC ríkjunum, í flestum ríkjum er verið að leggja lokahönd á verkið.
- Ábyrgð flugrekenda/flytjenda á farþegum með ógild ferðaskilríki. Einnig um skyldur hvers ríkis til að greiða upphald farþega þar til þeim er aftur skilað til flugrekenda/flytjenda. Kynnt var stuttlega IATA passenger DATA toolkit sem finna má á netinu. Sagt var frá API-PNR degi sem verður líklega í París um miðjan október n.k.
- Pre-clearance sem komið hefur verið á á Írlandi fyrir farþega á leið til Ameríku.